

Sp. 789. Tillaga til þingsályktunar

um byrjun framkvæmda samkvæmt l. nr. 32 1946, um Austurveg.

Flm.: Eiríkur Einarsson, Jörundur Brynjólfsson, Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson, Gunnar Thoroddsen, Sigfús Sigurhjártarson, Gísli Sveinsson, Sigurður Guðnason, Jóhann Hafstein, Einar Olgeirsson, Hallgrímur Benediktsson, Katrín Thoroddsen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á þessu sumri hefja framkvæmdir samkvæmt lögum nr. 32 frá 1946, um Austurveg. Skal vegagerðin byrjuð á kaflanum frá vegamótum núverandi Suðurlandsbrautar í miðju Svínahrauni um Þrengsli að vegamótum Selvogsvegar hjá Þurá í Ölfusi.

Til greiðslu á vegagerðarkostnaði á þessu sumri samkvæmt ofanskráðu er ríkisstjórninni einnig falið að taka nú þegar allt að 2,2 millj. kr. lán, í samræmi við heimild þá, sem til þess er veitt í fyrrnefndum lögum, nr. 32 frá 1946.

Greinargerð.

Það virðist með öllu óþarft að fara hér mörgum orðum um tillögu þessa henni til skýringar. Lagasetningin um Austurveg, er þingsályktunartillagan byggist á, er svo ný, og ágreiningslaust álit millipinganefndar, sem þau lög voru samin í samræmi við, hlýtur að vera þingmönnum svo í fersku minni, að nóg á að vera að vísa til þess trausta undirbúnings, sem þessar mikilsverðu aðgerðir hafa notið.